

AUGLÝSING

um afslátt af aukastöðugjaldi og gjaldskyldutíma.

Borgarráð Reykjavíkur ákvað eftirfarandi á fundi sínum 4. apríl síðastliðinn, með tilvísun til 108. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og reglna um notkun stöðureita í Reykjavík og gjaldtöku frá febrúar 1988 sbr. 83. gr. umferðarlaga:

1. Afsláttur af aukastöðugjaldi, sem lagt er á vegna brota á reglum um notkun gjaldskyldra stöðureita, verður framvegis 350 krónur. Afslátturinn er veittur þegar álagt gjald er greitt innan þriggja virkra daga frá dagsetningu álagningar.
2. Skylt verður að greiða fyrir afnot gjaldskyldra stöðureita í Reykjavík á tímabilinu frá klukkan 10.00 til 18.00 mánudaga til föstudaga, en frá klukkan 10.00 til 14.00 á laugardögum.

Ákvörðunin tekur gildi 27. apríl 1995.

Reykjavík, 19. apríl 1995.

Borgarstjórinn í Reykjavík,
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.